

**Ed. 88. Frumvarp til lögræðis laga. [83. mál]**

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

**I. KAFLI**

**1. gr.**

Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði, og fjárráða 18 ára gamall, nema sviptur sé fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

**2. gr.**

Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, í hjónaband, og er hann þá lögráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

**II. KAFLI**

**3. gr.**

Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

- a) Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisjóleika eða geðsjúkdóms.
- b) Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslu-semi, annarri ráðlausri breytni eða hriðuleysi um eignir sem eru í umráðum hans.
- c) Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrði, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum.
- d) Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfni.
- e) Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubreysts eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja, eftir því sem við á, ef aðstæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi.

**4. gr.**

Mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skulu rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómpingi.

**5. gr.**

Sóknaraðili að lögræðissviptingarmáli getur verið:

- a) Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
- b) Lögráðamaður aðila.
- c) Sá sem skyldur er að lögum að framfæra aðila og sá sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
- d) Sá sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.

- e) Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila.
  - f) Dómsmálaráðuneytið, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt.
- Ennfremur getur maður sjálfur óskað eftir úrskurði dóms um að hann skuli vera sviptur lögræði.

#### 6. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara) þar sem maður sá er krafan varðar á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað, og skal þá með mál farið þar sem varnaraðili átti síðast heimili eða dvalarstað.

Krafa skal vera skrifleg og tilgreina hvort krafist sé sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja. Þar skal grein gerð fyrir aðild sóknaraðila, ástæðum sem taldar eru vera til sviptingarinnar og öðru því sem máli skiptir. Kröfugerð fylgi skrifleg gögn eftir því sem við verður komið.

Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

#### 7. gr.

Dómari skal taka málið fyrir svo fljótt sem unnt er. Hann kallar varnaraðila fyrir dóm og kynnir honum kröfuna nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði yfirlæknis á sjúkrahúsi eða annars embættislæknis að það sé tilgangslaust.

Dómari skipar varnaraðila verjanda og gefur honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði. Óskilt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili samþykkir kröfu um lögræðissviptingu, nema svo standi á sem í a-lið 1. mgr. 3. gr. segir. Þá er óskilt að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns, svo og ef maður óskar þess sjálfur að hann verði sviptur lögræði.

Dómari getur krafði sóknaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Hann getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum. Ef sérstök ástæða er til getur hann leitað aðstoðar lögreglustjóra til öflunar gagna.

Nú hefur maður sjálfur óskað eftir lögræðissviptingu og metur dómari allt að einu hvort ástæða sé til sviptingar.

Eftir að gagnaöflun er lokið og varnaraðila eða verjanda hans hefur verið gefinn kostur á að flytja eða leggja fram vörn kveður dómari upp úrskurð í málinu.

#### 8. gr.

Nú er maður sviptur lögræði og birtir dómari þá eða lætur birta úrskurð fyrir varnaraðila eða verjanda hans.

Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

Ef um fjárræðissviptingu er að tefla skal dómari einnig annast um að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá sem sviptur er fjárræði á fasteign eða hér skrásett skip, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða getið er á verslanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skipa og verslanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum yfirlögráðanda og öðrum þeim stjórnvöldum sem um hann þurfa að vita.

9. gr.

Nú telur sá sem lögræðissviptingar krafðist að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskýlt er að sinna þeim nema eitt ár hið skemmsta sé liðið frá sviptingu.

Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

Dómari gefur þeim er málið varðar kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

10. gr.

Dómsathöfnum þeim sem um ræðir í þessum kafla má skjóta til æðra dóms með kæru, og fer um hana eftir reglum II. kafla laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, eftir því sem við á.

Eigi frestar kæra framkvæmd úrskurðar.

Eftirrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneytinu og héraðsdómara málsins. Nú er úrskurði héraðsdóms breytt í Hæstarétti og gerir héraðsdómari þá þegar þær ráðstafanir sem við eiga, sbr. 4. mgr. 9. gr.

11. gr.

Í málum samkvæmt þessum kafla skal engin dómgjöld greiða.

Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs verjanda og annan málskostnað skal greiða úr ríkissjóði.

Ef kæra til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaus má þó gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn.

### III. KAFLI

12. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.

13. gr.

Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Þó má hefta frelsi manns ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelisskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa, nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista mann gegn vilja sínum til meðferðar í sjúkrahúsi ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og vistun þykir óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fer skv. 14. — 17. gr. hér á eftir.

14. gr.

Beiðni um sjúkrahúsvistun manns gegn samþykki hans geta þeir aðilar gert sem taldir eru í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. hér að framan.

15. gr.

Beiðni um vistun skal beina til dómsmálaráðuneytis.

Beiðni skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja gögn um aðild beiðanda, sbr. 5. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað er máli skiptir. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð þar

sem gerð er grein fyrir sjúkdómnum og nauðsyn vistunar. Læknisvottorð skal að jafnaði eigi vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu.

16. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal þegar í stað taka beiðni um vistun til afgreiðslu. Það skal kanna málavexti og getur, eftir því sem ástæða er til, aflað skýrslna þeirra manna sem málinu eru kunnugir.

Dómsmálaráðuneytið skal án óþarfs dráttar ákveða hvort vistun skuli heimilud eða ekki. Ákvörðun skal vera skrifleg og skal tilkynnt þeim er beiðni ber fram, en þar að auki yfirlækni á hlutaðeigandi stofnun ef beiðni er samþykkt.

17. gr.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá, ef þörf krefur, áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

18. gr.

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.—17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara er greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður. Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.

19. gr.

Vistun manns í sjúkrahúsi má eigi gegn vilja hans haldast lengur en nauðsyn krefur.

Vistun lýkur þegar yfirlæknir telur hennar ekki lengur þörf, og eigi síðar en 15 sólarhringum frá því hún hófst, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði.

#### IV. KAFLI.

20. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum.

21. gr.

Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptinguna.

Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði ræður hann þó aðeins því gjafafé sem hann hefur fengið eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla, eða fari hinn ófjárráða maður ráðlauslega með féð, getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu, og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé meðan sú ráðstöfun helst.

Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé svo og verðmætis er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni.

22. gr.

Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

Nú hefur maður verið sviptur lögræði, og binda hann þá ekki löggerningar, sem fara í bág við lögræðissviptingu og hann gerir eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda hafi úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði innan tveggja vikna frá uppkvaðningu. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt.

23. gr.

Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning, sem hann skorti heimild til að gera, og getur þá hinn aðili samningsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt, svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

Nú veit maður að hann semur við ólögráða mann, og hefur ekki ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi, og getur hann þá ekki riftað samningnum fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns, ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar.

Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann, og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar, þá getur hann ekki riftað samningnum meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

Ákvörðun um riftun samnings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans.

24. gr.

Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings, og skal þá hvor aðila skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur skal aðili greiða verð hans, eftir því sem hér segir:

- a) Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut, sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila, ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans, sem fyrir hendi voru, þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni má færa niður bætur úr hendi hans eftir því sem sanngjarnt þykir.
- b) Hinn ólögráða maður skal greiða féggjald, að því leyti sem verðmætin hafi orðið honum að notum.

Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta, eða hann hefur á saknæman hátt valdið því, að hlutur hefur farið forgörðum, er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar samningsins að skila aftur, og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

Nú sannast í opinberu máli að hinn ólögráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd, og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

## V. KAFLI

25. gr.

Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldris stað ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga, nr. 9/1981.

26. gr.

Peir sem fara með forsjá barns samkvæmt því sem segir í 36., 37. og 38. gr. laga nr. 9/1981 skulu einnig hafa á hendi fjárhald þess meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir.

27. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja), og skal þá yfirlögráðandi skipa honum lögráðamann.

Svo skal og yfirlögráðandi skipa þeim manni lögráðamann sem ófjárráða er fyrir æsku sakir er lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

28. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

29. gr.

Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

Nú hefur foreldri ákveðið hver vera skuli að því látinu lögráðamaður barns er það hefur forsjá fyrir og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins.

30. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógetar, eru yfirlögráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lögráð varða.

Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlögráðenda og dómsmálaráðuneytisins.

31. gr.

Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann, svo sem sjálfráða hefði hann gert.

32. gr.

Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann, svo sem fjárráða hefði hann gert.

33. gr.

Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannstörfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

34. gr.

Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

35. gr.

Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

Dómsmálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr., þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

36. gr.

Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaup og sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjulegum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess, að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.

37. gr.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki.

Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi, nema honum sé auðsýnilegur hagur að því.

38. gr.

Reiðufé ófjárráða manna skal ávaxta tryggilega, eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis.

Lána má fé ófjárráða manna gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr  $\frac{2}{3}$  hlutum af fasteignamati eignarinnar.

39. gr.

Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram, að lánið sé allt þegar afturkræft, ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar.

40. gr.

Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slítur.

Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstaðings hans.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðanda með þeim.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði, og lög nr. 26 21. maí 1979, um breytingu á þeim lögum, svo og 4. tl. 2. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### I.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið af nefnd, sem dómsmálaráðuneytið skipaði 19. nóvember 1980 til þess að endurskoða lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði. Frumvarpið var lagt fyrir 105. löggjafarþing í desember 1982 en varð ekki útrætt.

Í nefndinni áttu sæti: Björn Þ. Guðmundsson, prófessor, Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari, og Guðrún Erlendsdóttir, dósent, sem skipuð var formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Ólöf Pétursdóttir, ráðuneytisfulltrúi.

Í skipunarbréfi var verksvið nefndarinnar nánar ákveðið og lögð áhersla á að við endurskoðunina yrði sérstaklega hugað að lagareglum í II. kafla l. 95/1947, um sviptingu lögræðis og brottám lögræðissviptingar, svo og að réttarstöðu þess sem sætir slíkum að-

gerðum. Í því samhengi skyldi einnig athuga reglur 31. gr. l. 95/1947. Var nefndinni falið að leita samráðs við sérfróða aðila um læknisfræðileg viðhorf.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 8. desember 1980, og hefur nefndin haldið 29 fundi. Lárus Helgason, yfirlæknir, hefur mætt á 5 fundi hjá nefndinni, og nefndin hefur haft samráð við Geðlæknafélag Íslands og nefnd sem vinnur að endurskoðun geðheilbrigðismála á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

## II.

Lög 95/1947, um lögræði, voru til mikilla bóta á sínum tíma, en þau komu í staðinn fyrir lög nr. 60 14. nóvember 1917. Meðal annars voru sett ítarleg ákvæði um sviptingu lögræðis og réttarfar í slíkum málum og um löggerninga ólögráða manna, en það var nýmæli í íslenskum lögum. Einnig voru sett ákvæði til tryggingar þeim mönnum sem settir eru til langdvalar í sjúkrahús gegn eigin vilja.

Helstu breytingar á gildandi lögum, sem í frumvarpinu felast, eru í II., III. og V. kafla frv., þ. e. um réttarfar í lögræðissviptingarmálum, sjúkrahúsvistun án samþykkis manns og lögráðendur. Aðrar breytingar eru að mestu orðalagsbreytingar.

## III.

### Um I. kafla.

Þessi kafli er fyrst og fremst umorðaður og er lagt til að greinar verði nú tvær í stað fjögurra, skv. l. 95/1947.

### Um 1. gr.

Lagt er til að orðið „fullráða“ verði fellt niður, þar sem það sýnist óþarft enda ekki almennt notað í lagamáli.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. l. 95/1947 sýnist og óþarft og er því lagt til að það verði fellt brott.

Að öðru leyti er hér steipt saman í eina grein ákvæðum 1. mgr. 1. gr. og 2. og 3. gr. l. 95/1947.

### Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því að lagt er til að í stað orðsins „fullráða“ komi „lögráða“, sbr. aths. við 1. gr. frv.

### Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði um mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar.

Samkvæmt l. 95/1947 skyldu slík mál rekin sem einkamál eftir sérstökum reglum sem er að finna í II. kafla laganna. Með 4. tl. 2. gr. l. 27/1951, um meðferð opinberra mála, var ákveðið að mál þessi skyldu sæta rannsókn og meðferð samkvæmt þeim lögum, og hefur ákvæði þetta síðan haldist, sbr. nú 4. tl. 2. gr. l. 74/1974. Síðan 1951 hafa lögræðissviptingarmál því verið rannsökuð á líkan hátt og refsímál, málshöfðun verið í höndum ríkissaksóknara og málinu lyktað með dómi. Óvissa hefur þó ríkt um ýmis réttarfarsatriði þessara mála, enda hafa réttarfarsreglur l. 95/1947 aldrei verið afnumdar formlega.

Telja verður óeðlilegt að með lögræðissviptingarmál sé farið að hætti opinberra mála og að eigi séu haldbær rök fyrir því að sóknaraðild í þeim sé í höndum ákærvaldsins. Eigi finnast heldur dæmi í löggjöf nágrannalanda um slíka skipun lögræðissviptingarmála.

Hér er því lagt til að mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar verði færð aftur í sitt upprunalega horf, þ. e. að þau sæti afbrigðilegri meðferð einkamála, verði rekin fyrir bæjarþingi eða aukadóþingi og að dómarrar í þeim séu hinir reglulegu héraðsdómarrar, í Reykjavík borgardómarrar.



Um 3. gr.

Hér eru tilgreindar ástæður þær sem leitt geta til lögræðissviptingar. Greinin er samhljóða 5. gr. l. 95/1947, að öðru leyti en því að orðunum „eða annarrar sturlunar“ í 2. tl. 5. gr. er sleppt, og í stað orðsins „deyfilyfja“ í 3. tl. koma orðin „ávana- og fíkniefni“ í c-lið 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér segir að mál skuli rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi, sbr. það sem rakið var að framan.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 7. gr. l. 95/1947. Auk þeirra sem þar eru taldir er hér ákvæði um að félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar geti verið aðili að lögræðissviptingarmáli. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að maður geti sjálfur óskað eftir að hann verði sviptur lögræði og svarar ákvæðið til 1. tl. í 7. gr. l. 95/1947.

Um 6. gr.

Samhljóða 8. og 9. gr. l. 95/1947.

Um 7. gr.

Hér eru settar reglur um málsmeðferðina, og kemur hún í stað 10. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. er svo fyrir mælt að varnaraðili skuli koma fyrir dóm ef kostur er, en samsvarandi ákvæði er ekki í l. 95/1947. Skipa skal varnaraðila verjanda, svo sem einnig er skylt skv. 1. mgr. 10. gr. l. 95/1947, en þó er gert ráð fyrir að það sé ekki skylda ef maður óskar sjálfur eftir lögræðissviptingu eða hefur sjálfur ráðið sér málsvara. Skv. 3. mgr. á dómari að krefja sóknaraðila gagna til styrktar kröfu hans, en getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum eða leitað aðstoðar lögreglu ef sérstaklega stendur á. Þessi ákvæði eiga að koma í stað þeirrar reglu 1. mgr. 10. gr. l. 95/1947 að dómari rannsaki mál að hætti opinberra mála, en samkvæmt núgildandi réttarfarsreglum er rannsókn opinberra mála yfirleitt ekki í höndum dómara. 4. mgr. svarar til 2. mgr. 10. gr. l. 95/1947. Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að varnaraðila eða verjanda hans sé gefinn kostur á að flytja fram vörn í málinu áður en úrskurður er upp kveðinn, og er það í samræmi við það sem tíðkast í reynd.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. segir að úrskurð skuli birta fyrir hinum lögræðissvipta eða verjanda hans. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 11. gr. l. 95/1947. 2. og 3. mgr. eru samhljóða samsvarandi málsgreinum í 11. gr.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur í stað 12. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að hinn lögræðissvipti sjálfur geti borið fram ósk um að lögræðissvipting verði úr gildi felld, auk þess sem sá er krafðist lögræðissviptingarinnar getur borið fram slík tilmæli.

Um 10. gr.

Í 13. gr. l. 95/1947 segir að áfrýjun í lögræðissviptingarmálum og málum til brotnáms lögræðissviptingar fari eftir reglum um áfrýjun opinberra mála. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að slíkum málum megi skjóta til Hæstaréttar samkvæmt reglum l. 75/1973 um kæru, en sú málskotsleið þykir einfaldari og eiga betur við eins og hér stendur á. Í samræmi við það eru niður felld ákvæði 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. l. 95/1947. 2. og 3. mgr. 10. gr. frv. eru að efni til samhljóða 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. l. 95/1947.

#### Um 11. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 15. gr. l. 95/1947. Í 2. mgr. er þó svo fyrir mælt að allan sakarkostnað skuli greiða úr ríkissjóði, en í samsvarandi ákvæði 15. gr. er einungis rætt um málflutningslaun.

#### Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um bráðabirgðavistun manns í sjúkrahúsi án samþykkis hans. Svipting lögræðis er mikil röskun á persónufrelsi manna, og hefur löggjafinn reynt að tryggja sem best réttaröryggi þeirra, sem slíkri meðferð sæta. Fram til ársins 1917 gátu stjórnvöld svipt menn lögræði, en með l. 60/1917 voru þau mál lögð undir dómstóla til að tryggja það, að slík frelsisskerðing yrði ekki framkvæmd nema öruggt væri, að rík ástæða væri fyrir hendi.

Í 31. gr. l. 95/1947 er mælt fyrir um framkvæmd þess, þegar vista þarf mann í sjúkrahúsi án hans samþykkis. Samkvæmt þeirri grein þarf alltaf að svipta mann sjálfræði, þegar þannig stendur á, auk þess sem krafist er samþykkis dómsmálaráðuneytis. Þó er heimilt að svipta mann frelsi til bráðabirgða, en slík frelsisskerðing má ekki vara lengur en í 2 sólarhringa, án þess að krafa sé gerð til dómara um sjálfræðissviptingu. Dómarinn á síðan að taka kröfuna strax til meðferðar og kveða upp úrskurð í málinu.

Framkvæmd þessara mála hefur ekki orðið á þann veg, sem lögin mæla fyrir um. Framkvæmdin hefur orðið sú, að sviptingarbeiðnin ein er látin nægja, ásamt vottorði læknis og samþykki dómsmálaráðuneytis, en dómarinn tekur málið ekki strax til meðferðar, nema sjúklingur óski sérstaklega eftir því.

Aðalástæðan fyrir þessari framkvæmd er tillitsemi við sjúklinginn. Allir þeir, sem að þessum málum vinna, eru sammála um, að það sé ómannúðlegt að íþyngja sjúklingum með því að láta þá ganga í gegnum lögræðissviptingarmál. Þá virðist vera óþarflega harkalegt, að aðstandendur þurfi að láta svipta bráðveikan geðsjúkling sjálfræði til þess að hægt sé að koma honum í sjúkrahús. Hin öra þróun geðlækninga hefur haft það í för með sér, að hægt er að lækna sjúkling á mun styttri tíma en áður var unnt, og eru lækna almennt á móti því, að menn séu sviptir sjálfræði til þess að unnt sé að vista þá í sjúkrahúsi.

Í könnun sem gerð var á Kleppsspítala kom fram að af 114 sjúklingum, sem þar voru vistaðir gegn vilja sínum árin 1977 og 1978, voru aðeins 4 sviptir sjálfræði með dómi.

Það er því ljóst, að aðeins í fáum tilvikum kemur til sjálfræðissviptingar á þeim sjúklingum, sem lagðir eru inn gegn vilja sínum.

Nefndin íhugaði að taka út úr lögræðislögunum ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi án þeirra samþykkis, og semja sérstakt frumvarp um vistun slíkra sjúklinga. Hvorki á Norðurlöndum né Bretlandi eða Bandaríkjunum er þess krafist, að maður sé sviptur sjálfræði til þess að hægt sé að vista hann í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Þar eru aftur á móti sérstök lög um nauðungarvistun geðsjúkra manna.

Athugasemdir frá Geðlæknafélagi Íslands bera það með sér, að það er eindregið mótfallið því, að sett verði sérlög um geðveika menn, og telur heppilegra, að slík ákvæði verði í lögræðislögum.

Í III. kafla frv. eru gerðar tillögur um skammvinna vistun manna í sjúkrahúsi, án þess að til sjálfræðissviptingar komi. Þetta er nánast lögfesting á framkvæmd þessara mála eins og hún er í raun.

#### Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 16. gr. l. 95/1947.

#### Um 13. gr.

Í 1. mgr. kemur fram aðalreglan, þ. e. að sjálfráða maður verði ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Í 2. mgr. kemur fram undantekning frá aðalreglunni, þar sem heimilað er að vista mann til bráðabirgða til meðferðar í sjúkrahúsi, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna, og vistun er óhjákvæmileg að mati læknis.

Það er alltaf læknir, sem verður að meta sjúkdóminn, og hann verður að vera svo alvarlegur, að vistun sé óhjákvæmileg að mati hans.

Um 14. gr.

Þeir, sem geta beðið um vistun manns í sjúkrahúsi gegn samþykki hans, eru hinir sömu og taldir eru upp í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. frv.

Það athugist, að dómsmálaráðuneytið getur ekki sett fram beiðni um vistun, enda er það sá aðili sem úrskurða skal um vistunina.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þessi grein fjallar um meðferð ráðuneytisins á beiðninni. Í þessari grein er lögð áhersla á hraða og örugga málsmeðferð.

Um 17. gr.

Í þessari grein er það nýmæli, að sérstakur trúnaðarlæknir starfi á vegum dómsmálaráðuneytisins, sem það geti leitað umsagnar hjá áður en heimild er veitt til vistunar.

Um 18. gr.

Rétt þykir að taka það sérstaklega fram að ákvörðun skv. 16. gr. verði skotið til dómstóla. Greinin fjallar um meðferð slíkra mála og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þessi grein kveður skýrt á um það, að vistun manns í sjúkrahúsi er aðeins til bráðabirgða og má aldrei haldast lengur en í 15 sólarhringa. Það mun aðeins vera í undantekningartilvikum að sjúklingur sé ekki orðinn sér það meðvitandi um sjúkdóm sinn og nauðsyn læknis- meðferðar eftir 15 daga meðferð, að hann samþykki ekki að vera áfram, ef læknir telur þess þurfa. Ef yfirlæknir telur, að nauðsynlegt sé að hafa mann lengur til meðferðar en þessa 15 daga, og sjúklingur samþykkir það ekki, þá verður að gera kröfu fyrir dómi, um að hann verði sviptur sjálfræði.

Um IV. kafla.

Ekki hefur þótt ástæða vera til efnisbreytinga á reglum um löggæringa ólögráða manna o. fl., sbr. III. kafla l. 95/1947.

Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar á 21. gr. og að 2. mgr. 22. gr. verði breytt í samræmi við breytta tíma.

Að öðru leyti eru ákvæði þessa kafla samhljóða ákvæðum III. kafla l. 95/1947.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. i.f. breytist orðið „lögræðissviptinguna“ í „sviptinguna“ og í 2. mgr. i.f. kemur orðið „fjarræðis“ í stað „lögræðis“.

Að öðru leyti er greinin eins og 18. gr. l. 95/1947.

Um 22. gr.

Eins og nú háttar er eðlilegt að miða réttaráhrif þau sem 2. mgr. fjallar um við uppkvaðningu úrskurðar um lögræðissviptingu og að sami frestur gildi um birtingu hans í Lög- birtingablaði hvar sem er á landinu, þ. e. 2 vikur frá uppkvaðningu hans.

Að öðru leyti er greinin eins og 19. gr. l. 95/1947.

#### Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um lögráðendur, störf þeirra, skyldur og réttindi.

2.—4. mgr. 22. gr. og 23. gr. l. 95/1947, sem fjölluðu um foreldravald yfir börnum, voru felldar úr gildi með 1. mgr. 58. gr. barnalaga nr. 9 15. apríl 1981. Heildarákvæði um forsjá (foreldravald, forræði) barna eru því nú í barnalögunum.

Í frv. er hugtakið „forsjá“ notað í stað „foreldravalds“ til samræmis við barnalögin.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingum á skipun lögráðamanna eða störfum þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá borgarforsetaembættinu í Reykjavík er ákaflega erfitt að fá menn til að vera lögráðamenn. Ljóst er, að nauðsynlegt er, að manni sé skipaður lögráðamaður strax og hann hefur verið sviptur lögræði. Starf lögráðamanns getur oft á tíðum verið mjög erfitt, sérstaklega ef um er að ræða geðsjúkan mann. Það er því skiljanlegt, að menn kinoki sér við að taka við slíku starfi, sem auk þess er launalaust.

Nefndin íhugaði það, hvort taka skyldi ákvæði inn í frv. um, að það væri borgaraleg skylda fyrir vissa aðila, þ. e. tiltekna vandamenn og lögmenn, að vera lögráðamenn, en taldi þann kost ekki tiltækan að svo stöddu.

Einnig íhugaði nefndin breytingu á 26. gr. l. 95/1947 um skipun lögráðamanns „ad hoc“. Samkvæmt upplýsingum frá borgarforsetaembættinu í Reykjavík, er þeirri grein aðallega beitt um ellisljótt fólk, þegar nauðsynlegt er að gera einhverjar fjármálaráðstafanir því viðkomandi. Það er óneitanlega ógeðfellt að þurfa að svipta fólk lögræði og auglýsa það í Lögbirtingablaði. Nefndin gat þó ekki komið auga á önnur úrræði, sem væru jafntrygg fyrir viðkomandi, og mælir því ekki með breytingum.

Nefndin leggur til, að 30. gr. l. 95/1947 verði ekki tekin með í frv. og telur ekki ástæðu til að hafa slíkt ákvæði í lögræðislögum.

#### Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 22. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því að í stað foreldravalds kemur hugtakið forsjá. Vísað er til ákvæða barnalaga nr. 9/1981, þar sem eru heildarákvæði um forsjá barna, en með þeim lögum voru felld úr gildi ákvæði 2.—4. mgr. 22. gr. og 23. gr. l. 95/1947. 36., 37. og 38. gr. l. 9/1981 koma í stað 2.—4. mgr. 22. gr. l. 95/1947, en 42. gr. barnalaga kemur í stað 23. gr. l. 95/1947.

#### Um 26. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 24. gr. l. 95/1947 og kveður á um það, að þeir sem fara með forsjá barns skulu einnig fara með fjárhald þess meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir. Í 36., 37. og 38. gr. l. 9/1981 eru ákvæði um það, hverjir fara með forsjá barns, og í 35. gr. þeirra laga er skýrgreining á því, hvað felist í forsjá. Þar segir í 3. mgr. 35. gr., að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og gegna öðrum foreldraskyldum og jafnframt að þeir, sem hafa forsjá barns með hendi, hafi rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins. Þeir, sem fara með forsjá barns, eru því lögbornir lögráðamenn barns, uns það verður lögráða, og þarf ekki að skipa því lögráðamann meðan þeirra nýtur. Þeir, sem fara með umráð barns um stundarsakir samkvæmt 42. gr. barnalaga, eru ekki lögbornir lögráðamenn.

#### Um 27. gr. og 28. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 25. gr. og 26. gr. l. 95/1947.

#### Um 29. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 27. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. kemur „lögráða“ í stað „fullráða“ og í 2. mgr. „forsjá“ í stað „foreldravalds“.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því, að í Reykjavík er talað um borgarfógeta í fleirtölu í stað eintölu.

Um 31., 32., 33. og 34. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 29., 32., 33. og 34. gr. l. 95/1947 og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

1. mgr. er samhljóða 35. gr. l. 95/1947 þar sem bannað er að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann. Slíkir löggæringar geta verið mjög varhugaverðir og sjaldnast til hags hinum ófjárráða. Rétt þykir þó að veita dómsmálaráðuneytinu undanþáguheimild, og í 2. mgr. er ráðuneytinu veitt heimild til að víkja frá þessu banni, ef sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða. Er ætlast til, að undanþáguheimildinni verði beitt með ýtrustu varfærni.

Um 36. og 37. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 36. og 37. gr. l. 95/1947 og þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um, að reiðufé ófjárráða manna skuli ávaxta tryggilega, eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis. Ekki þykir rétt að binda í lögum hvernig ávaxta skuli fé ófjárráða, þar sem það er mjög breytilegt hvernig best er að ávaxta fé, og þykir réttast að láta það vera háð mati ráðuneytisins á hverjum tíma.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 38. gr. l. 95/1947.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 1. málslíð 39. gr. l. 95/1947, en sleppt er 2. málslíð þeirrar greinar, og fer um þessi mál samkvæmt almennum reglum.

Um 40. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. málslíð 1. mgr. 40. gr. l. 95/1947, en ekki er tekinn 2. málslíður 1. mgr. Ekki hefur verið farið eftir þessu ákvæði í langan tíma, og þykir nægilegt, að lögráðamaður geri yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi er slitið.

2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 40. gr. l. 95/1947.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

### Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir fjölda lögræðissviptingarbeiðna á árunum 1974 til september 1980 (incl.) og fjölda lögræðissviptingarmála, sem lokið var með dómi á sama tíma.

Ár	Fjöldi beiðna	Fjöldi dóma	Sjálfr.- svipt.	Fjárræðis- svipt.	Sjálfr.- og fjárræðis- svipt.	Sýkna
1974	37	5	1	2	1	1
1975	34	8	2	2	4	
1976	54	6	2		4	
1977	53	3	1		2	
1978	68	7		5	1	1
1979	57	4		2	2	
1980 (9 mán.)	39	3	3			

Fyrstu 9 mánuði ársins 1980 voru 3 málshöfðanir felldar niður. 1. október 1980 var eitt mál hjá ríkissaksóknara til ákvörðunar.

### Fylgiskjal II.

Helstu ástæður lögræðissviptingarbeiðna, sem getið er í beiðnunum sjálfum eða fylgiskjölum, á árunum 1977 til september 1980 (incl.), (í grófum dráttum).

Ár	Drykkjusýki og/eða lyfjaneysla	Gedrænir sjúkdómar	Annað eða óljóst tilgreint
1977	45%	51%	4%
1978	43%	57%	
1979	26%	72%	2%
1980	19%	76%	5%

### Fylgiskjal III.

#### Lögræðissviptingar frá 1915 til 1. júní 1982

Fjárræðissviptingar	33
Sjálfæðissviptingar	157
Fjárræðis- og sjálfæðissviptingar	127
Ekki upplýst um tegund sviptingar	19
	<hr/>
Lögræðissviptingar alls	336

#### Brottnám lögræðissviptinga frá 1915 til 1. júní 1982

Fjárræðissviptingar	3
Sjálfæðissviptingar	29
Lögræðissviptingar	33
	<hr/>
Brottnám lögræðissviptinga alls	65

#### Lögræðissviptingar skiptast eftir árum með eftirfarandi hætti

1915—19	1 lögræðissvipting
1920—29	6 lögræðissviptingar
1930—39	6 lögræðissviptingar
1940—49	29 lögræðissviptingar
1950—59	80 lögræðissviptingar
1960—69	102 lögræðissviptingar
1970—79	80 lögræðissviptingar
1980—82	29 lögræðissviptingar
Ekki upplýst um dags.	3 lögræðissviptingar
	<hr/>

Samtals 336 lögræðissviptingar